

277. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 27. september 2010, kl.7.30

Mættir eru:

Oddný Sturludóttir, Hafsteinn Karlsson, Herdís Sigurjónsdóttir, Páll Hilmarsson, Hjördís Jóna Gísladóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og skrifstofustjóri Sigríður B. Einarsdóttir.

Gestur fundarins er Inga Jóna Þórðardóttir formaður stjórnar Metans hf.

Tekið fyrir:

1. Sala lóðarinnar að Miðhrauni í Garðabæ.

Framkvæmdastjóri kynnir drög að samningi SORPU og Garðabæjar, vegna sölu SORPU á lóðinni að Miðhrauni til Garðabæjar. Stjórn samþykkir samninginn. Páll Hilmarsson fulltrúi Garðabæjar sat hjá við ákvörðun málsins.

2. Forsendur rekstraráætlunar árið 2011.

Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar 2011. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn um hagræðingu undanfarinna ára. Málinu frestað til næsta fundar.

3. Forsendur rekstraráætlunar árin 2012-2013-2014.

Framkvæmdastjóri kynnir forsendur rekstraráætlunar 2012-2013-2014 Málið rætt. Málinu frestað til næsta fundar.

4. Ársfundur SORPU bs.

Lögð fram fundargerð frá 353. fundi stjórnar.SSH þar sem eftirfarandi tillaga var samþykkt varðandi ársfundi byggðasamlaganna á höfuðborgarsvæðinu, árið 2010.

Í ljósi þess að nú verður fundað í upphafi nýs kjörtímabils er lagt til breytt fyrirkomulag fundanna í ár.

Byggðasamlögin haldi í þetta sinn hvert um sig sína ársfundi og "þjóði heim". Með því gefst tækifæri fyrir alla kjörna fulltrúa og einkánlega þá sem eru nú nýir á þessum vettvangi, að kynnast vel starfsemi þessara sameiginlegu rekstrareininga og fá nauðsynlega yfirsýn yfir starfssemina.

Málið rætt.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including OS, HS, GPK, SSH, BJA, HJG, and others.

5. Málefni Metans hf.

Inga Jóna Þórðardóttir formaður stjórnar Metans hf. kynnir stjórn stöðu verkefna fyrirtækisins.

6. Önnur mál.

- a) Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun dagsett 20.september 2010.
Varðandi: Undanþágu frá ákvæðum reglugerðar um botnþéttingu á urðunarstað SORPU bs. á Álfsnesi. Framkvæmdastjóri kynnir stjórn efni bréfsins.
- b) Lagt fram bréf frá Borgarskjalasafni Reykjavíkur dagsett 30.ágúst 2010.
Varðandi: Nýjar reglur um skjalavörslu sveitarfélaga og nýja handbók um skjalavörslu sveitarfélaganna.
- c) Kynnt bréf frá Kópavogsbæ dagsett 21.09.2010 þar sem staðfest er kosning varamanns, Rannveigar H. Ásgeirsdóttur, í stjórn SORPU bs..

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 4.10.2010 klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir.

Ólafur Jónsson
Páll
Herður Þorjónsdóttir
Gudni Þ. Guðmundsdóttir
Maðurinn Karlsson
Þjarni Tarfi
Hjördís J. Guðad
Þjarni Hraðar
SSA